

## FUNDARGERÐ

337. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 9. apríl 2024 kl. 14:00.

### Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Gestir á fundinum: Védís V. Vignisdóttir, verkefnastjóri HEF (#2-5).

Ómar Bjarki Stefánsson, jarðfræðingur (#4-5) á Teams.

Glúmur Björnsson, jarðfræðingur HEF (#4-5).

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá:

- 1 Stjórn skiptir með sér verkum – uppgjör aðalfundar
- 2 Fjarvarmaveita Seyðisfirði – staða og áætlun
- 3 Lager – staða og áform
- 4 Jarðhitaleit á Búlandsnesi
- 5 Neysluvatn fyrir Djúpavog
- 6 Samorka – aðalfundur og ársfundur
- 7 Breyting á lánaforsendum Lánasjóðs sveitarfélaga
- 8 Verkefni í gangi / áætlanir
- 9 Starfsmannamál / auglýsing
- 10 Önnur mál
  - a. Vörusýningin IFAT 2024
  - b. Austurljós – samstarf um nýtingu innviða

### **1 Stjórn skiptir með sér verkum – uppgjör aðalfundar**

Vilhjálmur Jónsson setur fund og spyr um lögmæti fundar, engar athugasemdir gerðar.

Hann leggur til að Ágústa Björnsdóttir verði formaður stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Vilhjálmur felur Ágústu Björnsdóttir stjórn fundarins.

Tillaga formanns að skiptingu hlutverka eftirfarandi:

Vilhjálmur Jónsson, varaformaður

Ívar Karl Hafliðason, ritari

Samþykkt samhljóða.

Fundarmenn ánægðir með það hvernig til tókst og telja að það fyrirkomulag fundarins verði óbreitt á næsta ári með framsögur og gesti.

*Védís V. Vignisdóttir mætir til fundarins*

## 2 Fjarvarmaveita Seyðisfirði – staða og áætlun

Védís kynnti stöðu greiningarvinnu vegna fjarvarmaveitu Seyðisfjarðar. Nú á sér stað kostnaðargreining og mat á þeim kyndingarkostum sem standa til boða. Greiningarvinna hefur mestmegnis verið fólgin í bestun raforkukostnaðar og stærðarákvörðun varmadælu, miðað við núverandi raforkuverð og tilboð frá söluaðilum. Valmöguleikar verða yfirfarnir á fundi með sveitarstjóra og fjármálastjóra Múlaþings seinna í vikunni.

Tillaga lögð fram um stofnun vinnuhóps sem samanstendur af stjórn auk Aðalsteins og Védísar.

## 3 Lager – staða og áform

Védís kynnti stöðu undirbúningsvinnu við uppsetningu lagerkerfis efnis og varahluta. Endurskoðun samnings við Wise, sem selur aðgang að Business Central bókunarkerfi, stendur yfir. Starfshópur innan HEF, sem samanstendur af Védísi, Nigar, Finni og Fjólu, mótar verklagið í kringum kerfið og vinnur að þarfagreiningu í samstarfi við Jón Einarsson hjá Wise. Að því loknu er hægt að skrásetja vörur á lager og skipuleggja.

*Ómar Bjarki og Glúmur mæta til fundarins*

## 4 Jarðhitaleit á Búlandsnesi

Markmið með holu DPV-31 náðist ekki. Eftir að holan fór framhjá holu DPV-30 var búist við að hitaaukningar yrði vart og lagt var upp með að skera æðina sem DPV-28 sækir vatn sitt í á 500-600m dýpi. Það gekk ekki eftir og í raun var holan komin í bakgrunnshitastigul þegar neðar dró í holunni. Haldið var áfram í 800m dýpi til að ná að skera í gegnum sprungusveim vestan holunnar en litlar sem engar vatnsæðar voru skornar neðan 320m dýpis. Holan endaði í 798 metrum.

Næstu skref jarðhitaleitar við Djúpavog eru að fá mælingabíl Ísor til okkar að mynda holuna og aðrar vel valdar í kring. Það gætu verið holur 28, 20, jafnvel 29 og 30 auk 31. Horft er til þess að mynda holurnar með hljóðsjá og öðrum mælingum sem nýtast til að teikna upp stefnur og halla sprunganna á svæðinu og gefa okkur nákvæma legu borholanna.

Ekki er hægt að taka ákvörðun um framhaldið fyrr en að komu Ísor lokinni auk úrvinnslu úr þeim gögnum sem við höfum verið að afla á meðan borun stóð.

Fýsilegt gæti verið að fara neðar í æðina sem fannst á 320m dýpi í holu 31. Hún var líka skorin í holu 30. Í holu 31 gaf æðin um 25 l/s af 36–37°C vatni í loftblæstri en steypa þurfti hana af til að halda borun áfram í báðum holunum. Hægt væri að skera hana með beinni holu á þessu sama svæði en DPV-20 var nokkurn vegin á þeirri braut nema hún sveigði frá og hitti því ekki. Ef komandi rannsóknir leiða eitthvað nýtt í ljós með æðina í holu 28 getur hún aftur orðið fýsilegur kostur, en í dag er óútskýrt hvaðan vatnið sem fæðir holuna kemur.

Ljóst er að þrátt fyrir vonbrigði þá er sterk von um að finna megi nýtanlegt jarðhitavatn á svæðinu og fjarri því að svæðið sé full reynt.

## 5 Neysluvatn fyrir Djúpavog

Neysluvatnsmál á Djúpavogi þarf að færa til betri vegar, þar sem neysluvatn er nú tekið úr opnu vatnsbóli ofarlega á Búlandsdal. Metið var að vænlegasti kosturinn væri að sækja vatn í eyrar Búlandsár þar sem hún kemur úr gljúfrum niður úr Búlandsdal. Þaðan er ekki löng leið inn á eldri lögn frá Búlandsdal og hægt að tengja sig inná hana. Vatnsból af þessari gerð eru í dag þau algengustu á Austurlandi og reynast almennt vel.

Trölli var fenginn í verkið og fór í það strax að leitarboruninni lokinni.

Grafið var í eyrina til að kanna dýpi og jarðvegsgerð og ekki tókst að grafa niður í berg.

Borun á fyrri holunni, DPV-32 hófst sunnudaginn 7. apríl og lauk samdægurs. Berg virðist vera á 8m dýpi og eins metra jökulleirilag ofan á klöppinni. Þar fyrir ofan er vatnsleiðandi malarlag. 14 tommu fódoring var boruð 11m niður og stendur um metra upp úr eyrinni. Fódoringin var götuð á um 5-7m dýpi. Svo var borað með 12 tommu lofthamri niður úr fódoringunni niður í 24m dýpi. Þetta er svokallaður sokkur sem getur tekið við seti sem kann að geta komist í holuna og gerir okkur kleift að hafa dælu neðar í holunni. Útlitið er gott og frumniðurstöður frá dælingu í dag eru um 12 lítrar á sekúndu og hiti um 3°C. Borun næstu holu hófst í morgun, 9. apríl. Við tekur að dæla úr holunum til að hreinsa þær og prófa. Í kjölfarið komum við sýnum úr þeim til Heilbrigðiseftirlits / Matvælastofnunar til að mæla vatnsgæði. Svo þarf að hanna og sækja um leyfi fyrir dæluhúsum og lagnaleið áður en ráðist er í þær framkvæmdir

*Védís Vaka, Ómar Bjarki og Glúmur yfirgefa fundinn.*

## 6 Samorka - aðalfundur og ársfundur

Á aðalfundi Samorku 20. mars, var framkv.stj. HEF veitna endurkjörinn í varastjórn samtakanna. Aðalsteinn og Ívar Karl sóttu athygliverðan ársfund Samorku þann sama dag. Fundurinn bar yfirskriftina „Ómissandi innviðir“. Á fundinum var ítarlega gerð grein fyrir afrekum veitustarfsmanna og verktaka á þeirra vegum vegna hraunflæðis á Suðurnesjum, nærri Svartsengi og í Grindavík.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra flutti ræðu þar sem m.a. kom fram að áform Evrópusambandsins um aðgerðir og kröfur til fráveituhreinsunar myndu ekki verða innleiddar í óbreyttri mynd á Íslandi á „hans vakt“ vegna óhemju mikils kostnaðar, án þess að fyrir liggja að ávinningur fyrir umhverfið verði merkjanlegur.

Gunnar Haraldsson hagfræðingur kynnti nýja greiningu á þjóðhagslegum árifum og áskorunum orku- og veitugeirans.

Upptaka af ársfundinum er aðgengileg á slóðinni:

<https://samorka.is/utgafa-og-midlun/vidburdir/arsfundur-samorku-2024/>

## 7 Breyting á lánaforsendum Lánasjóðs sveitarfélaga

Lánasjóðurinn tilkynnti í lok mars breytingar á vaxtaviðmiðum lána HEF hjá sjóðnum í erlendri mynt.

Vaxtaviðmið í gr. 4.1 í lánasamningi milli LS og HEF vegna þeirra láns hluta sem eru í gjaldmiðlunum JPY, CHF og GBP eru ekki lengur aðgengilegir. Þau vaxtaviðmið sem lánveitandi hyggst nota framvegis og koma í stað fyrrgreindra vaxtaviðmiða eru TONA (í stað LIBOR 6M JPY), SARON (í stað LIBOR 6M CHF) og SONIA (í stað LIBOR 6M GBP).

Nýju vaxtaviðmiðin eru af þeim toga að reiknaðir eru uppsafnaðir dagvextir yfir yfirstaðið vaxtatímabil (með minnst 5 daga hliðrun) og eru þannig einungis aðgengilegar 5 dögum fyrir hvern gjalddaga. Er þetta í samræmi við nýja markaðsvenju millibankavaxta í þessum gjaldmiðlum og er því horfið frá þeirri venju að festa vexti fram í tímann (í þessu tilfelli til 6 mánaða).

Þeir vextir sem notaðir voru á gjalddaga lánsins þann 2. apríl s.l. voru:

GBP: 5,49%      JPY: 0,23%      CHF: 1,94%

Lánveitandi vekur athygli á gr. 4.3 í lánasamningi sem heimilar lántaka að óska eftir breytingu á myntsamsetningu lánsins en ljóst er að millibankavextir í USD munu í náinni framtíð einnig verða færðir yfir í nýtt vaxtaviðmið, SOFR í stað LIBOR 6M USD.

Ágústa leggur til að félagið óski ekki eftir breytingum á myntkörfu lánsins að svo komnu. Samþykkt.

## 8 Verkefni í gangi / áætlanir

Verkefnalisti yfirfarinn auk fjárflæðis fjárfestinga ársins yfirfarin. Í vinnslu hjá framkvæmdastjóra. Verður sent stjórnarmönnum í framhaldi.

Virkjun nýboraðra neysluvatnshola í eyrum Búlandsár verði hraðað sem kostur er.

Sex aðilar hafa sótt útboðsgögn í fráveituframkvæmdir á Djúpavogi. Tilboð verða opnuð 11. apríl.

## 9 Starfsmannamál / auglýsing

Auglýst hefur verið eftir iðnaðarmanni, aðstoðarmanni og sumarstarfsmanni/-mönnum. Stjórn hvetur áhugasama að sækja um. Umsóknarfrestur um störf er til 15. apríl.

## 10 Önnur mál

### a. Vörusýningin IFAT 2024

Stærsta vörusýning búnaðar fyrir vatns- og fráveitur o.fl. í Evrópu verður í München í maí n.k. Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri hreinsistöðvar á Melshorni munu sækja sýninguna.

### b. Austurljós – samstarf um nýtingu innviða

Austurljós hefur áhuga á að nýta ljósleiðara og -rör HEF veitna í öllum byggðakjörnum (þéttbýli) Múlaþings. Framkvæmdastjóra falið að taka málið upp við Austurljós.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Ívar K. Hafliðason.

